


Reykjavík 9. mars 2023

Varðar: Gelgjutangi, endurnýjun framkvæmdaleyfis

Lögð er fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 28. febrúar 2023 um endurnýjun á framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðrar dýpkunar á innsiglingarrennu að smábátahöfn Snarfara. Einnig er lagt fram leyfisbréf Umhverfisstofnunar dags. 23. febrúar 2023 og vinnuteikning Hnits verkfræðistofu ódagsett.

Áætlað magn dýpkunar er 2.500 m³ (en umframgröftur getur orðið allt að 1.000 m³) og er áætlað að losa efnið í gamla efnisnámu við Engey, sem hefur áður verið notuð vegna dýpkunarframkvæmda Faxaflóahafna. Vegna áhrifa framkvæmdar á laxagengd þá verður framkvæmdatíminn utan laxagengdartímabils en áætlaður framkvæmdatími er 2 vikur.



Yfirlitsmynd, framkvæmdasvæði vegna dýpkunar á innsiglingarrennu.

Um er að ræða framkvæmd í flokki C og er hún því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar og hefur það verið gert af hálfu Reykjavíkurborgar, sbr. umsókn framkvæmda og viðhalds. Framkvæmdin fellur ekki undir mat á umhverfisáhrifum. Fram kemur í leyfisbréfi Umhverfisstofnunar að aflað hafi verið umsagnar Hafrannsóknarstofnunar sem gerir ekki athugasemdir við erindið. Í erindinu kemur jafnframt fram að niðurstöður mælinga á styrk mengandi efna í sex sýnum frá svæðinu, þar af þremur frá sjálfru dýpkunarsvæðinu og þremur frá svæðum þar í kring, sýna að styrkur mengandi efna er innan marka.

Í skilyrðum leyfisbréfs Umhverfisstofnunar kemur fram að við framkvæmd dýpkunar skal lágmarka rót á botni og draga eins og hægt er úr gruggmyndun sjávar og dreifingu sets á

svæðinu. Auk þess að framkvæmd fari ekki fram á göngutíma laxfiska (frá byrjun apríl til lok nóvember).

Gæta skal sérstakrar varúðar við framkvæmdina og skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við svæðið þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu raski eins og mögulegt er. Einnig skal tryggja að vinnuvæði sé snyrtilegt. Ekki er heimilt að safna upp haugum af efni til losunar, þannig að það geti valdið jarðvegsfoki eða annarri truflun fyrir íbúa.

Ef framkvæmdarleyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl., skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis hjá skrifstofu reksturs og umhirðu á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur út hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa,
Þórður Már Sigfússon.